

SÉRKJARASAMNINGUR

milli

Samtaka atvinnulífsins vegna Ístaks hf. annars vegar

og

AFLS, Starfsgreinafélags Austurlands, Vlf. Reyðarfjarðar

og Rafiðnaðarsambands Íslands hins vegar

um viðauka við aðalkjarasamning vegna vinnu við gerð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi gildir um störf starfsmanna við jarðgangagerð á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Samningur þessi er m.a. gerður á grundvelli gr. 2.4.4. í kjarasamningi aðila sem segir að sé sérstök þörf á að skipuleggja vinnu þannig að vikulegum frídegi sé frestað skuli um það gerður kjarasamningur. Samningur þessi er hluti aðalkjarasamninga aðila og gildir hann í öðrum atriðum en hér greinir og hefur sama gildistíma.

2. gr.

Vinnutilhögun og vaktir

Heimilt er að skipuleggja vinnu með þeim hætti að unnið sé samfelmt í allt að 10 daga. Á það jafnt við um dagvinnu- sem vaktavinnukerfi.

Unnið er á 12 klst. vöktum skv. 10-5 kerfi og 10-4 kerfi, þ.e. unnið er samfelmt í 10 daga og síðan eru fimm eða fjögurra daga frí. Dagvakt er frá kl. 08:00 - 20:00 og næturvakt frá kl. 20:00 - 08:00.

Á hverri vakt, dagvakt eða næturvakt, eru greiddar 8 klst. á dagvinnutímakaupi með 30% vaktaálagi og 4 klst. með yfirvinnutímakaupi. Vaktir sem falla á sunnudags skulu greiddar með 7 klst. á dagvinnutímakaupi með 30% vaktaálagi og 5,5 klst. á yfirvinnutímakaupi.

Neysluhlé á hverri 12 klst. vakt eru 75 mínútur. Þau skiptast þannig að matarhlé er 40 mínútur, fyrri kaffitími er 20 mínútur og síðari kaffitími 15 mínútur. Hægt er að fella niður síðari kaffitímamann og greiðist hann þá sérstaklega. Vegna sveigjanlegrar töku neysluhléa greiðast 15 mínútur aukalega í yfirvinnu á hverri vakt og sé síðari kaffitíminn unninn greiðast samtals 30 mínútur aukalega.

3. gr.

Vinna fellur niður

Falli vinna niður sökum veðurs eða annarra orsaka, sem starfsmenn eiga enga sök á, skal greiddur fastur reglulegur vinnutími. Starfsmönnum má þó fela óskyld störf í slíkum tilvikum.

1461
J.F.R.
L.O.

4. gr.

Ferðir og ferðalaun

Starfsmönnum er greiddur kostnaður vegna ferða, fari ferðir ekki fram í vinnutíma, skv. eftirfarandi reglum:

Starfsmenn búsettir á Austurlandi fá greidda eina klst. vegna ferða í upphafi og lok hvernar tíu daga vinnulotu, samtals 2 klst. í hverri 10 daga vinnulotu.

Fyrir ferðir (flug og fólksflutningabifreið) milli Reykjavíkur og vinnusvæða eru greiddar 3 klst. í ferðalaun.

Fyrir ferðir milli Akureyrar og annarra staða á Norðurlandi annars vegar og vinnusvæða hins vegar eru greiddar 2 1/2 klst. í ferðalaun.

Þurfi starfsmenn að fara fyrir Vattarnes á leið til og frá vinnu greiðast 45 mínútur aukalega í ferðalaun, að hámarki 1 1/2 klst. í hverri 10 daga vinnulotu.

Hver klst. er verðlögð á kr. 1.645 og tekur sú upphæð sömu breytingum og laun skv. almennum ákvæðum kjarasamnings.

5. gr.

Slysatryggingar

Ístak hf. mun tryggja starfsmenn sem vinna við jarðgangagerð með 100% hærri slysatryggingu en skv. aðalkjarasamningi.

6. gr.

Brunavarnir

Fylgja skal öllum reglum frá Brunamálastofnunar í sambandi við brunavarnir. Í svefnskála skal setja upp viðvörunarkerfi, sem samþykkt er af Brunamálastofnun. Kynna skal starfsfólki meðferð eldvarnartækja og halda námskeið reglulega í hjálp í viðlögum og almennum brunavörnum fyrir starfsmenn.

7. gr.

Öryggismál

Allur öryggisbúnaður á vinnusvæðum skal vera eins fullkominn og kostur er á og fyllsta öryggis gætt, í samræmi við reglur öryggisýfirvalda. Vinnustaða í eldhúsi skal vera í samræmi við reglur rafmagnseftirlits og heilbrigðisýfirvalda. Á vinnustað skal vera fyrir hendi, til afnota fyrir starfsmenn, sá öryggisútbúnaður, sem Vinnueftirlit ríkisins telur nauðsynlegan vegna eðlis vinnunnar, svo sem eyrnahlífar, hlífðargleraugu, rykgrímur og öryggisbelti. Öryggishjálmar og öryggisskór/eða öryggisstígvél skulu afhent starfsmönnum, þegar þeir hefja störf og skal nota þau undantekningarlaust.

Starfsmönnum er skylt að nota þann öryggisútbúnað, sem getið er um í opinberum reglugerðum, og skulu verkstjórar sjá um að hann sé notaður. Brot á öryggisreglum geta varðað brottvikningu starfsmanns og alvarleg brot, sem valda því að lífi og limum starfsmanna er stefnt í voða, geta varðað tafarlausri brottvikningu.

Ef öryggisbúnaður sá, sem Vinnueftirlit ríkisins hefur gefið fyrirmæli um að notaður skuli, er ekki fyrir hendi á vinnustað, er hverjum þeim starfsmanni er ekki fær slíkan búnað, heimilt að neita að vinna störf þar sem slíks búnaðar er krafist.

Handwritten signatures and initials:
H.K. 1465
S.J. L.O.

Á vinnustaðnum skal starfa öryggisráð er hafi eftirlit með öryggisbúnaði og framkvæmd á öryggismálum almennt. Öryggisráð skipa tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar Ístaks hf. Öryggisráð skal taka fyrir hverskonar kvartanir og ábendingar um útbúnað og annað er varðar öryggi starfsmanna.

8. gr.

Hjúkrunargögn og hjúkrunaraðstaða


Ístak hf. sér um að algengustu og nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf séu fyrir hendi á jarðgangasvæðinu. Á staðbundnum vinnusvæðum, í bifreiðum og vinnuskúrum skal vera sjúkrakassi, sem inniheldur venjuleg sjúkragögn til aðgerða við slys. Sjúkrabörur, spelkur og annað slíkt skal vera á helstu vinnusvæðum. Sjúkrakassar skulu vera í vörslu og á ábyrgð verkstjóra.

9. gr.

Samningur þessi telst samþykktur við undirritun.

Reykjavík, 18. júlí 2003

F.h. AFLS, Starfsgreinafélags Austurlands



F.h. Vlf. Reyðarfjarðar



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins

